

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti. Umsagnir bárust frá Arkitektafélagi Íslands, Félagi húsgagna- og innan-hússarkitekta og S. Stefáni Ólafssyni.

Frumvarpið byggist á tilskipun 2001/19/EB, en hún snýr að viðurkenningu á starfsréttindum ýmissa starfsstétta í tækni- og hönnunargreinum.

Nefndin leggur til að raffræðingar bætist við upptalninguna á löggiltum starfsheitum í tækni- og hönnunargreinum skv. lögum nr. 8/1996, en með því er um að ræða staðfestingu á þeim réttindum sem rafvirkjar hafa aflað sér með meistaranámi sem veitir rétt til A- eða B-löggildingar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist ný grein sem verði 1. gr., svohljóðandi:

Við 1. gr. laganna bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: raffræðinga.

Pétur H. Blöndal skrifar undir álit þetta með fyrirvara vegna þeirrar tillögu að bæta raffræðingum við þær starfsstéttir sem falla undir ákvæði laga nr. 8/1996.

Alþingi, 15. apríl 2002.

Hjálmar Árnason,
form., frsm.

Guðjón Guðmundsson.

Bryndís Hlöðversdóttir.

Pétur H. Blöndal,
með fyrirvara.

Svanfríður Jónasdóttir.

Helga Guðrún Jónasdóttir.

Árni Steinar Jóhannsson.

Kjartan Ólafsson.

Ísólfur Gylfi Pálmason.